

Kópavogi, Selfossi, Mosfellsbæ, Höfn í Hornafirði og Búðardal, 29. maí 2020

## Héraðsskjalasöfn og Héraðsskjalasafnið á Akureyri

Háttvirtu bæjarfulltrúar á Akureyri

Undirritaðir hafa spurt að fyrir dyrum standi skipulagsbreytingar er varða stöðu Héraðsskjalasafnsins á Akureyri. Vegna þess er vakin athygli á eftirtöldu:

Hlutverk héraðsskjalasafna hefur breyst frá því sem var um miðja 20. öld þegar þau gegndu einvörðungu héraðssögulegu hlutverki og voru einkum geymslustaðir og sögusöfn. Þetta hefur gerst með breytingum á lögum um Þjóðskjalasafn Íslands nr. 66/1985 og lögum sem leystu þau af hólmi um opinber skjalasöfn nr. 77/2014.

Nú eru þau nútímalegar stofnanir sem hafa mikilvægu stjórnsýslulegu hlutverki að gegna, ekki aðeins sem vörslustaðir þar sem tryggt er aðgengi borgara, kjörinna fulltrúa og stjórnsýslu að eldri skjölum stofnana og stjórnsýslu og merkum skjalasöfnum úr eigu einkaaðila. Þau gegna einnig lykिलlutverki við að tryggja upplýsingarétt að upplýsingalögum, lögum um opinber skjalasöfn og stjórnsýslulögum. Forstöðumaður héraðsskjalasafns tekur við skjalavörsluábyrgð forstöðumanna við afhendingu skjala stofnana er þeir veita forstöðu, þannig að á herðum hans hvílir ábyrgð á aðgengi og vörslu skjalanna frá því þau eru afhent. Einnig á þeim skjölum sem héraðsskjalasafninu eru falin til vörslu úr eigu einkaaðila. Faglegt sjálfstæði hans er úrslitaatriði.

Héraðsskjalasöfn eru lykilstofnanir lýðræðislegra stjórnháttá hjá sveitarfélögum, þeim er ætlað að tryggja gagnsæi stjórnsýslu og upplýsingaöryggi sveitarfélaga. Veigamikill þáttur í starfsemi þeirra við meðferð skjala er m.a. persónuvernd.

Héraðsskjalasöfn fara með eftirlits- og ráðgjafarhlutverk með skjalavörslu stjórnsýslu þeirra sveitarfélaga sem að því standa. Hlutverk sem mikilvægt er að stjórn málaforysta sveitarfélaga standi vörð um þannig að því verði ekki hnekk fyrir tilstuðlan þeirra sem sæta eftirlitinu t.d. með því að rýra stöðu héraðsskjalasafnanna og forstöðumanna þeirra. Þau þurfa að hafa stöðu innri endurskoðunar að þessu leyti og héraðsskjalavörður með fagþekkingu og faglega ábyrgð verður að hafa fullt forræði og rekstrarábyrgð á héraðsskjalasafninu.

Kveðið er á um sjálfstæði héraðsskjalasafna í lögum um opinber skjalasöfn nr. 77/2014 (9. gr.). Þar er um að ræða faglegt sjálfstæði til að takast á við eftirlitshlutverk, vörslu- og aðgengisábyrgð.

Þetta faglega sjálfstæði er mikilvægt að tryggja í rekstri sveitarfélaga t.d. í skipuriti, þannig að héraðsskjalasafn sé ekki lagt undir óskylda starfsemi, vald- og ábyrgðarsvið forstöðumanns sé skýrt og afmarkað frá annarri starfsemi og héraðsskjalasafni sé ekki búin skilyrði sem hnekki eða skerði aðstöðu þess og rjúfi heilindi þess til lögboðinna skyldna sinna.

Benda má á að þar sem héraðsskjalasafn starfar á vegum fleiri en eins sveitarfélags hefur verið litið til 93. greinar stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 og talið að slík starfsemi geti aðeins farið fram á vegum byggðasamlags. Héraðsskjalasafn Austfirðinga annars vegar og hins vegar Héraðsskjalasafn Árnesinga eru því rekin sem byggðasamlög.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri er mikilvæg og merk stofnun fyrir bæjar- og héraðsmenningu Akureyringa og Eyfirðinga. Á landsvísu er það einnig mikilvægt sem eitt af stærstu héraðsskjalasöfnunum, með leiðandi hlutverk á faglegum vettvangi skjalavörslu undanfarna áratugi. Það hefur borið menningarlegu viðhorfi til stjórnarsýslu og héraðssögu í Eyjafirði fagurt vitni. Við hvetjum því til þess að aðstandendur þess gæti vel að faglegu sjálfstæði þess og efli starfsemi þess með ráðum og dáð.

Virðingarfyllt.

Hrafn Sveinbjarnarson héraðsskjalavörður, Kópavogi  
Þorsteinn Tryggvi Músson héraðsskjalavörður, Selfossi  
Birna Mjöll Sigurðardóttir héraðsskjalavörður, Mosfellsbæ  
Halldóra Jónsdóttir héraðsskjalavörður, Höfn í Hornafirði  
Valdís Einarsdóttir héraðsskjalavörður, Búðardal

undirritað e.u.

Afrit:

Axel Grettisson oddviti Hörgársveitar  
Jón Stefánsson oddviti Eyjafjarðarsveitar  
Fjóla Valborg Stefánsdóttir oddviti Grýtubakkahrepps  
Gestur Jensson oddviti Svalbarðsstrandahrepps